



Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Lindargata 7  
101 Reykjavík

[ainar.gudmundsson@fjr.is](mailto:ainar.gudmundsson@fjr.is)

Reykjavík, 9. september 2021

### Efni: Drög að stefnu um notkun skýjalausna

Samtök iðnaðarins taka til umsagnar drög að stefnu um notkun skýjalausna. Samtökin fagna því að efling stafrænnar þjónustu sé eitt af forgangsmálum stjórnvalda og taka undir að stafræn þjónusta muni auðvelda opinberum aðilum að veita nútímalega og skilvirka opinbera þjónustu.

Samtök iðnaðarins vilja nýta tækifærið til að ítreka mikilvægi þess að hið opinbera notist við lausnir sem eru nú þegar til staðar á markaðnum og ef fullnægjandi lausnum sé ekki til að dreifa að leitað sé til frumkvöðla á sviði tæknilausna í einkageiranum til að hönnunar á slíkum lausnum.

Samtök iðnaðarins hafa á undarförnum misserum orðið var við að hið opinbera hefur í útboðum á tæknilausnum farið fram á að höfundar framselji höfundarrétti á þeim tæknilausnum sem boðin eru út. Samtökin vilja áréttta að í höfundarrétti felast mikilvæg eignarréttindi einstaklinga og fyrirtækja og að það sé forsenda framþróunar og frekari nýsköpunar að eignarrétturinn sé á forræði höfundar. Samtökin telja að hið opinbera gangi of langt þegar krafist er framsals á höfundarétti og telja nægilegt að afnotaheimild ríkisins sé tryggð með skýrum hætti.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Steinunn Pálmadóttir'.

Steinunn Pálmadóttir,  
Lögfræðingur SI